



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Föstudagur, 3. apríl, 2009

Ákvörðun nr. 13/2009

## **Samruni Glitnis banka hf. og Moderna Finance AB**

Þann 30. mars barst Samkeppniseftirlitinu tilkynning vegna samruna Glitnis banka hf. (hér eftir Glitnir) og Moderna Finance AB (hér eftir Moderna). Fullnægði tilkynningin skilyrðum samkeppnislaga og reglna nr. 684/2008 um tilkynningu samruna en félögum sem ekki starfa á sömu mörkuðum er heimilt að skila styttri tilkynningu skv. 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga vegna samruna.

Glitnir banki var tekinn yfir með ákvörðun Fjármáleftirlitsins þann 7. október 2008. Rekstur félagsins felst nú skv. samrunaskrá í því að koma eignum félagsins í verð en allur hefðbundinn bankarekstur var færður í annað félag. Moderna er skráð í Svíþjóð en eignarhlutir félagsins í þremur félögum sem starfa á Íslandi koma til skoðunar í ákvörðun þessari. Þar er um að ræða eignarhluti í Öskum Capital hf., Avant hf. og Sjóvá-Almennum tryggingum hf.. Avant er að fullu í eigu Aska Capital.

Starfsemi þessara þriggja félaga er fyrst og fremst á sviði fjármálaþjónustu af ýmsu tagi. Sjóvá-Almennar tryggingar er þannig alhliða tryggingafélag, Askar Capital eru fjárfestingabanki eða lánafyrirtæki í skilningi 3. tl. 1. mgr. 4. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 en Avant starfar á sviði fjármögnunar öku- og atvinnutækja.

Í 17. gr. c samkeppnislaga segir að telji Samkeppniseftirlitið að samruni hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða eins eða fleiri fyrirtækja verði til eða slík staða styrkist, eða verði til þess að samkeppni á markaði raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, geti stofnunin ógilt samruna eða sett honum skilyrði. Að sögn samrunaaðila fer enginn eiginlegur rekstur fram af hálfu Glitnis heldur er þar í reynd um þrotabú að ræða. Felst starfsemi félagsins fyrst og fremst í því að koma eignum í verð.

Samkvæmt þessu liggur fyrir að samrunaðilar eru ekki keppinautar né gefa gögn málsins til kynna að önnur samkeppnisleg tengsl séu á milli þeirra. Í ljósi þessa og með hliðsjón af öðrum gögnum málsins og í ljósi þeirra aðstæðna sem nú blasa við í íslensku atvinnulífi er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna samruna Glitnis og Moderna.



**Ákvörðunarorð:**

**„Yfirtaka Glitnis banka hf. á Moderna Finance AB telst samruni í skilningi 17. gr. samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til þess að aðhafast vegna samrunans.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson